

HAGAR HF: UPPGJÖR HAGA Á 1. ÁRSFJÓRÐUNGI 2025/26

Bætt afkoma og sterk byrjun á rekstrarárinu

Árshlutareikningur Haga hf. fyrir fyrsta ársfjórðung 2025/26 var samþykktur af stjórn og forstjóra félagsins á stjórnarfundi þann 26. júní 2025. Reikningurinn er fyrir tímabilið 1. mars til 31. maí 2025. Árshlutareikningurinn hefur að geyma samstæðureikning félagsins og dótturfélaga þess og er hann gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS). Reikningurinn hefur hvorki verið kannaður né endurskoðaður af endurskoðendum félagsins, PricewaterhouseCoopers ehf.

Helstu lykiltölur*

- **Vörusala** 1F nam 48.115 m.kr. (9,2% vöxtur frá 1F 2024/25). [1F 2024/25: 44.067 m.kr.]
- **Framlegð** 1F nam 11.619 m.kr. (24,1%). [1F 2024/25: 9.537 m.kr. (21,6%)]
- **Hagnaður fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta (EBITDA)** 1F nam 4.046 m.kr. eða 8,4% af veltu. [1F 2024/25: 3.214 m.kr. (7,3%)]
- **Hagnaður** 1F nam 1.165 m.kr. eða 2,4% af veltu. [1F 2024/25: 850 m.kr. (1,9%)]
- **Heildarafkoma** 1F nam 1.189 m.kr., en endurmat vegna fasteigna, fært á eigið fé, nam 69 m.kr. og neikvæður þýðingarmunur var 45 m.kr. [1F 2024/25: 850 m.kr.]
- **Grunnhagnaður á hlut** 1F var 1,06 kr. [1F 2024/25: 0,78 kr.]. **Þynntur hagnaður á hlut** 1F var 1,06 kr. [1F 2024/25: 0,77 kr.]
- **Eigið fé** nam 39.673 m.kr. í lok tímabils og **eiginfjárlutfall** 36,7%. [Árslok 2024/25: 38.489 m.kr. og 36,6%]
- **Afkomuspá stjórnenda** fyrir rekstrarárið 2025/26 gerir ráð fyrir að EBITDA verði á bilinu 16.000-16.500 m.kr.

Helstu fréttir af starfsemi

- **Rekstur á fyrsta ársfjórðungi gekk vel** og var í samræmi við áætlanir stjórnenda - bætt afkoma **einkum vegna áhrifa af rekstri SMS** auk þess sem afkoma stærstu rekstrareininga styrkist milli ára.
- **Heimsóknum viðskiptavina** í dagvöru-verslanir (á Íslandi) fjölgaði um tæp 6%. **Seldum stykkjum** fjölgaði einnig eða um tæpt 1%.
- **Seldum eldsneytislítrum fækkaði** um 17% á fyrsta ársfjórðungi - aukin sala í smásölu en samdráttur í heildarmagni, einkum vegna minni einskisviðskipta hjá erlendum stórnotendum.
- **Gott gengi í þróun á stafrænum lausnum og þjónustum** – nýrri netverslun Banana hleypt af stokkunum í apríl
- Aukin áhersla á vöruval og þægindi fyrir fjölskyldur - **Barnabónus kynnt til sögunnar** sem er stuðningur Bónus við ungar barnafjölskyldur á fyrstu mánuðum eftir fæðingu.
- Í samstarfi við Latabæ var **stóru heilsuátaki ýtt úr vör sem miðar að því að auka neyslu barna á ferskum ávöxtum og grænmeti** - íþróttanammi selt í verslunum Bónus, Hagkaups og Olís sem framleitt er af Bönunum.

*SMS varð hluti af samstæðu Haga á 4. ársfjórðungi 2024/25 og gætir áhrifa þeirra því ekki í samanburðartölum fyrra árs.

Finnur Oddsson, forstjóri:

Rekstur Haga á rekstrarárinu 2025/26 fer vel af stað og staðfestir niðurstaða fyrsta fjórðungs sterka stöðu félagsins. Vörusala samstæðunnar nam 48,1 ma. kr. og jókst um 9,2% miðað við sama tímabil í fyrra. EBITDA nam 4.046 m.kr. og hagnaður var 1.165 m.kr., sem er töluverð bæting á milli ára. Starfsemi gekk vel á öllum sviðum, bæði á Íslandi og í Færeyjum, en samanburður við árið á undan litast af innkomu SMS í samstæðu Haga og umtalsverðri lækkun olíuverðs á milli ára.

Það er meðbyr í rekstri verslana og vöruhúsa á Íslandi, þar sem tekjur voru 33,6 ma. kr., jukust um 7% og afkoma styrktist. Seldum stykkjum og heimsóknum viðskiptavina í dagvöruverslanir fjölgaði, bæði í Bónus og Hagkaup. Sem fyrr þá dregur lágt vöruverð að í Bónus, en félagið hefur lagt sérstaka áherslu á að auðvelda viðskiptavinum enn ódýrari innkaup, m.a. með hagkvæmum pakkningum og vikulegum tilboðum undir yfirskriftinni „ódýrast vikunnar í Bónus“. Þá hafa nýtt vöruval og þægindi fyrir barnafjölskyldur mælst vel fyrir, allt frá íþróttanammi í samstarfi við Latabæ yfir í Barnabónus boxin, sem yfir 1000 fjölskyldur hafa sótt í tilefni af viðbót í fjölskylduna á árinu. Áherslur á borð við þessar hafa m.a. stuðlað að því að viðskiptavinum Bónus fjölgaði um tæp 7% á fjórðungnum.

Töluverð tekjuaukning var hjá Hagkaup á fjórðungnum og sýnir aukinn fjöldi heimsókna að viðskiptavinir kunna vel að meta fjölbreytt úrval og stöðugar nýjungar í vöruframboði. Fyrir utan einstakt úrval í matvöru til heimila, þá var Evrópumet sett í sölu á böngsum frá Build-A-Bear, veisluréttir Hagkaups nutu einstakra vinsælda í fermingar- og útskriftarveislum vorsins og ný snyrtivörudeild vakti lukku í Garðabæ.

Tekjur og afkoma Aðfanga og Banana endurspegla ágætan rekstur í dagvöruverslunum. Hjá Zara skilaði sterk vörulína tekjum og afkomu vel yfir áætlunum. Stórkaup vex áfram fiskur um hrygg, með töluverðri tekjuaukningu í sölu á rekstrar-, heilbrigðis- og matvöru til stórnotenda og nýjungar hjá Eldum rétt, m.a. skyndiréttir til sölu í Bónus, fara vel af stað. Stöðugt fleiri nýta sér þjónustu Veigar.is, netverslunar með áfengi.

Olís átti sterkan fjórðung þar sem tekjur voru 11,4 ma. kr. og afkoma batnaði. Tekjur drógust saman um 13%, sem stafar annars vegar af mikilli lækkun á heismarkaðsverði olíu miðað við fyrra ár og hins vegar af fækkun á seldum lítrum, aðallega vegna einskiptisviðskipta til erlendra stórnotenda. Eftirspurn á smásölumarkaði jókst töluvert, í eldsneyti, þurrvöru og veitingum. Samhliða aukinni sölu hefur skilvirkni í rekstri þjónustustöðva aukist sem stuðlar að áframhaldandi bættri afkomu. Söluferli á hlut Olís í Olíudreifingu var slitið í lok apríl, en rekstur félagsins hefur gengið vel.

Rekstur verslana og veitingastaða SMS í Færeyjum gengur vel. Tekjur voru ríflega 3,8 ma. kr. og var afkoma umfram áætlanir.

Það er ánægjulegt hvað starfsemi Haga fer vel af stað á árinu, nú með liðsinni frá nýjum samstarfsfélögum og frábærum viðskiptavinum í Færeyjum. Við búum að traustum fjárhag Haga, öflugum rekstri allra helstu eininga, fjölda viðskiptavina sem treysta okkur á hverjum degi og frábæru teymi starfsfólks sem kappkostar að bæta lífskjör viðskiptavina með því að gera verslun hagkvæma og skemmtilega. Varnarlína gegn hækkun aðfanga og verðbólgu verður áfram í forgrunni hjá okkur samhliða áherslu á að auka skilvirkni rekstrar og nýta tækifæri til arðbærs vaxtar. Horfur í rekstri Haga eru góðar.

Rekstrarreikningur samstæðunnar og starfspáttayfirlit

í millj. kr.	1F 2025/26 01.03.-31.05	1F 2024/25 01.03.-31.05	Breyting	Breyting %
Vörusala	48.115	44.067	4.048	9,2%
Kostnaðarverð seldra vara	(36.496)	(34.530)	(1.966)	5,7%
Framlegð	11.619	9.537	2.082	21,8%
Framlegð %	24,1%	21,6%	-	2,5%
Aðrar rekstrartekjur	318	142	176	123,9%
Laun og launatengd gjöld	(5.327)	(4.377)	(950)	21,7%
Annar rekstrarkostnaður	(2.564)	(2.088)	(476)	22,8%
Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA)	4.046	3.214	832	25,9%
EBITDA %	8,4%	7,3%	-	1,1%
Afskriftir	(1.458)	(1.381)	(77)	5,6%
Matsbreyting fjárfestingarfasteigna	(173)	--	(173)	-
Rekstrarhagnaður (EBIT)	2.415	1.833	582	31,8%
Hrein fjármagnsgjöld	(959)	(789)	(170)	21,5%
Áhrif hlutdeildarféлага	32	25	7	28,0%
Hagnaður fyrir tekjuskatt	1.488	1.069	419	39,2%
Tekjuskattur	(323)	(219)	(104)	47,5%
Hagnaður ársins	1.165	850	315	37,1%
Önnur heildarafkoma samtals	24	--	24	-
Heildarafkoma samtals	1.189	850	339	39,9%

Rekstur á fyrsta ársfjórðungi 2025/26

Vörusala á 1F nam 48.115 m.kr. og jókst um 9,2% milli ára en án áhrifa SMS var söluaukning 1,0%. Söluaukning verslana og vöruhúsa á Íslandi nam 6,9% en samdráttur var í sölu hjá Olís sem nam 13,1% milli ára, bæði vegna umtalsvert lægra heimsmarkaðsverðs á olíu en einnig vegna samdráttar í seldum eldsneytislítrum í einkisviðskiptum til erlendra aðila.

Á 1F fjölgaði heimsóknum viðskiptavina í dagvöruverslunum (á Íslandi) um tæp 6% milli ára og seldum stykkjum fjölgaði um tæpt 1%. Seldum eldsneytislítrum fækkaði um 17% á fjórðungi; góð eftirspurn var í smásölu en samdráttur var í heildarmagni lítra, einkum vegna minni einkisviðskipta hjá erlendum stórnotendum.

Framlegð á 1F nam 11.619 m.kr. og jókst um 21,8% milli ára en án áhrifa SMS jókst framlegð um 7,9%. Framlegðarhlutfall nam 24,1% og hækkaði um 2,5%-stig milli ára. Áhrif af framlegð SMS eru um 1,0%-stig á framlegðarhlutfall til hækkunar en að öðru leyti hækkar framlegðarhlutfall hjá Olís nokkuð milli ára, m.a. vegna lægra heimsmarkaðsverðs á

olíu. Framlegðarhlutfall í dagvöruverslunum á Íslandi stendur nánast í stað milli ára.

Rekstrarkostnaður samtals hækkar um 22,1% milli ára sem skýrist að stærstum hluta af áhrifum SMS. Án SMS nemur hækkunin 4,8%. Launa- og kostnaðarhlutfall fer úr 14,7% í 16,4%.

EBITDA 1F nam 4.046 m.kr. og hækkaði um 25,9% milli ára en hækkunin nam 9,4% án SMS. EBITDA jókst um 11,2% hjá verslunum og vöruhúsum á Íslandi og jókst um 4,0% hjá starfspætti Olís. EBITDA starfspáttar SMS í Færeyjum nam 528 m.kr.

Matsbreyting fjárfestingarfasteigna var neikvæð um 173 m.kr., en þar af voru 166 m.kr. vegna fasteigna í rekstrarleigu hjá SMS en bókfært verð þeirra nemur 4.394 m.kr. í lok tímabils. Gangvirðisbreyting þeirra er færð í gegnum rekstur út líftíma leigusamninganna.

Hagnaður ársfjórðungsins nam 1.165 m.kr. í samanburði við 850 m.kr. á fyrra ári. Heildarafkoma nam 1.189 m.kr. en þar af nam endurmat fasteigna, sem fær er beint á eigið fé, 69 m.kr. og þýðingarmunur var neikvæður um 45 m.kr.

Starfspáttayfirlit samstæðunnar á fyrsta ársfjórðungi 2025/26

Samstæða Haga samanstendur af þremur starfspáttum. Þeir eru verslanir og vöruhús á Íslandi, verslanir og vöruhús í Færeyjum og starfsemi Olís.

1F 2025/26 í millj. kr.	Verslanir & vöruhús Ísland	Olís	Verslanir & vöruhús Færeyjar	Jöfnunar- færslur	Samtals	1F 2024/25 í millj. kr.	Verslanir & vöruhús Ísland	Olís	Verslanir & vöruhús Færeyjar	Jöfnunar- færslur	Samtals
Vörusala	33.405	11.328	3.614	(232)	48.115	Vörusala	31.243	13.043	--	(219)	44.067
Aðrar rekstrartekjur	190	27	176	(75)	318	Aðrar rekstrartekjur	187	25	--	(70)	142
Heildartekjur starfspátta	33.595	11.355	3.790	(307)	48.433	Heildartekjur starfspátta	31.430	13.068	--	(289)	44.209
Heildarrekgjöld starfspátta	(30.875)	(10.557)	(3.262)	307	(44.387)	Heildarrekgjöld starfspátta	(28.983)	(12.301)	--	289	(40.995)
EBITDA starfspátta	2.720	798	528	--	4.046	EBITDA starfspátta	2.447	767	--	--	3.214
Afskriftir starfspátta	(994)	(285)	(179)	--	(1.458)	Afskriftir starfspátta	(1.005)	(376)	--	--	(1.381)
Matsbreyting starfspátta	2	(9)	(166)	--	(173)	Matsbreyting starfspátta	--	--	--	--	--
Áhrif hlutdeildarféлага	(11)	43	--	--	32	Áhrif hlutdeildarféлага	(2)	27	--	--	25
Rekstrarafkoma starfspátta	1.717	547	183	--	2.447	Rekstrarafkoma starfspátta	1.440	418	--	--	1.858
Hrein fjármagnsgjöld	(664)	(185)	(110)	--	(959)	Hrein fjármagnsgjöld	(667)	(122)	--	--	(789)
Tekjuskattur					(323)	Tekjuskattur					(219)
Hagnaður ársins					1.165	Hagnaður ársins					850

Breyting 1F milli ára %	Verslanir & vöruhús Ísland	Olís	Verslanir & vöruhús Færeyjar	Jöfnunar- færslur	Samtals
Vörusala	6,9%	-13,1%	-	5,9%	9,2%
Aðrar rekstrartekjur	1,6%	8,0%	-	7,1%	123,9%
Heildartekjur starfspátta	6,9%	-13,1%	-	6,2%	9,6%
Heildarrekgjöld starfspátta	6,5%	-14,2%	-	6,2%	8,3%
EBITDA starfspátta	11,2%	4,0%	-	-	25,9%
Afskriftir starfspátta	-1,1%	-24,2%	-	-	5,6%
Matsbreyting starfspátta	-	-	-	-	-
Áhrif hlutdeildarféлага	450,0%	59,3%	-	-	28,0%
Rekstrarafkoma starfspátta	19,2%	-	-	-	31,7%
Hrein fjármagnsgjöld	-0,4%	51,6%	-	-	21,5%
Tekjuskattur					47,5%
Hagnaður ársins					37,1%

Starfsemi verslana og vöruhúsa, bæði á Íslandi og í Færeyjum, er að stærstum hluta í smásölurekstri dagvöru. Starfsemi Olís er að stærstum hluta í sölu eldsneytis og þjónustu sem því tengist, auk sölu skyndibita og ýmissa nauðsynjavara. Olís rekur þjónustustöðvar víðsvegar um landið undir vörumerki Olís en rekur auk þess fjöldann allan af ÓB sjálfsafgreiðslustöðvum.

Starfspáttur verslana og vöruhúsa á Íslandi felur í sér starfsemi Bónus, Hagkaups, Aðfanga, Banana, Stórkaups, Noron og Eldum rétt. Starfsemi Haga Wine B.V. í Hollandi fellur einnig hér undir en vegna smæðar starfseminnar og einkenna hennar er ekki um sérstakan starfspátt að ræða, þrátt fyrir annað landsvæði.

Starfspáttur verslana og vöruhúsa í Færeyjum inniheldur alla starfsemi SMS samstæðunnar sem einkum samanstendur af rekstri dagvöruverslana Bónus, Miklagarður og Mylnan en einnig rekstri veitingastaða, sérvöruverslana, kjötvinnslu, brauð- og kökugerðar sem og rekstri fasteigna.

Efnahagsreikningur samstæðunnar

í millj. kr.	31.05.2025	28.02.2025	Breyting	Breyting %
Eignir				
Fastafjármunir	81.320	81.876	(556)	-0,7%
Veltufjármunir	26.899	23.160	3.739	16,1%
Eignir samtals	108.219	105.036	3.183	3,0%
Eigið fé og skuldir				
Hlutfé	1.098	1.098	(0)	0,0%
Annað eigið fé	38.606	37.423	1.183	3,2%
Eigið fé hluthafa móðurfélags	39.704	38.521	1.183	3,1%
Hlutdeild minnihluta	(31)	(32)	2	-6,0%
Eigið fé samtals	39.673	38.489	1.185	3,1%
Langtímaskuldir	36.890	36.967	(77)	-0,2%
Vaxtaberandi skammtímaskuldir	6.128	6.278	(150)	-2,4%
Aðrar skammtímaskuldir	25.528	23.303	2.225	9,5%
Skuldir samtals	68.546	66.547	1.999	3,0%
Eigið fé og skuldir samtals	108.219	105.036	3.183	3,0%

Lykiltölur efnahags 31.05.2025

- Heildareignir samstæðunnar í lok ársfjórðungs námu 108.219 m.kr. og hækkuðu um 3.183 m.kr. frá árslokum 2024/25 eða um 3,0%.
- Fastafjármunir námu 81.320 m.kr. og lækkuðu um 556 m.kr. frá árslokum 2024/25.
- Veltufjármunir námu 26.899 m.kr. og hækkuðu um 3.739 m.kr. frá árslokum 2024/25 en þar af hefur handbært fé hækkað um 3.577 m.kr. á tímabilinu.
- Vörubirgðir námu 13.580 m.kr. í lok tímabils og lækkuðu um 394 m.kr. á fjórðungnum. Veltuhraði birgða í lok maí var 10,7 til samanburðar við 11,4 á fyrra ári og 10,3 í árslok 2024/25. Innheimtutími viðskiptakrafna var 11,6 dagar til samanburðar við 11,4 daga á fyrra ári, en innheimtutími var 10,2 dagar í lok árs 2024/25.
- Veltufjárhlutfall nam 0,85 í lok maí, í samanburði við 0,88 í fyrra. Aðgangur að skammtímafjármögnun í formi lánalína að upphæð 3,0 ma. kr. hjá viðskiptabanka er tryggður, auk þess sem félagið fjármagnar sig til skamms tíma með útgáfu víxla.
- Eigið fé í lok tímabils nam 39.673 m.kr. og eiginfjárhlutfall var 36,7%. Eiginfjárhlutfall var 36,6% í árslok 2024/25. Arðsemi eigin fjár var 25,3% til samanburðar við 18,9% í fyrra. Félagið átti eigin bréf að nafnverði 8,1 milljón í lok árs.
- Heildarskuldir samstæðunnar í lok tímabils námu 68.546 m.kr. og hækkuðu um 1.999 m.kr. frá lokum síðasta árs, einkum vegna hærri viðskiptaskulda til skamms tíma hjá flestum rekstrareiningum.
- Vaxtaberandi skuldir námu 23.270 m.kr. og leiguskuldir 18.981 m.kr. Nettó vaxtaberandi skuldir, með leiguskuldum, í lok árs voru 36.375 m.kr. eða 2,3 x 12 mánaða EBITDA.
- Vaxtaberandi skammtímaskuldir námu 6.128 m.kr. en þar af námu víxilskuldir 1.420 m.kr. og skammtímafjármögnun í dönskum krónum vegna kaupa félagsins á SMS nam 3.867 m.kr.

Sjóðstreymisyfirlit samstæðunnar

í millj. kr.	1F 2025/26 01.03.-31.05	1F 2024/25 01.03.-31.05	Breyting	Breyting %
Handbært fé frá rekstri	5.401	3.890	1.511	38,8%
Fjárfestingarhreyfingar	(1.291)	(684)	(607)	88,7%
Fjármögnunarhreyfingar	(527)	(459)	(68)	14,8%
Hækkun á handbæru fé	3.583	2.747	836	30,4%
Áhrif gengisbreytinga á handbært fé	(6)	--	(6)	-
Handbært fé í byrjun tímabils	2.299	1.827	472	25,8%
Handbært fé í lok tímabils	5.876	4.574	1.302	28,5%

Sjóðstreymi fyrstu þrjá mánuði rekstrarársins 2025/26

- Handbært fé frá rekstri nam 5.401 m.kr. á fjórðungnum, samanborið við 3.890 m.kr. á fyrra ári.
- Fjárfestingarhreyfingar tímabilsins námu 1.291 m.kr., samanborið við 684 m.kr. á fyrra ári. Fjárfestingar eru einkum vegna umbóta í nokkrum verslunum Bónus og Hagkaups, nýrra þvottastöðva Glans hjá Olís en auk þess námu fjárfestingar í óefnislegum eignum, þ.e. hugbúnaði og öðrum stafrænum lausnum, 250 m.kr. á fjórðungnum.
- Fjármögnunarhreyfingar tímabilsins voru 527 m.kr., samanborið við 459 m.kr. á fyrra ári.
- Handbært fé hækkaði um 3.577 m.kr. á tímabilinu, að teknu tilliti til áhrifa gengisbreytinga, og nam 5.876 m.kr. í lok tímabils, samanborið við 4.574 m.kr. í lok fyrsta ársfjórðungs á fyrra ári.

Staðan og framtíðarhorfur

Árið fer vel af stað og horfur í rekstri Haga eru almennt góðar. Starfsemi helstu eininga gengur vel, skilvirkni í rekstri hefur aukist og þjónustuframboð hefur verið styrkt. SMS er ný stoð í rekstri samstæðunnar og fjárfesting í viðskiptaþróun mun einnig treysta framþróun félagsins. Í alþjóðlegu viðskiptaumhverfi eru ákveðnar blikur á lofti, m.a. aukin hætta á tollum og viðskiptahindrunum og óvissa um þróun olíuverðs sem skapast vegna átaka í Mið austurlöndum. Áhrif á rekstur héraðsins eru möguleg en óviss. Almennt hefur þróun efnahagslífs og rekstrarumhverfis hér á landi verið fremur jákvæð; verðbólga og vextir fara lækkandi og fyrirsjáanleiki rekstrarkostnaðar, einkum launa, er meiri en oft áður. Staða Haga í þessu umhverfi er sterk og hefur félagið burði til að mæta þeim áskorunum sem upp kunna að koma í íslensku atvinnulífi og efnahagsumhverfi.

Afkomuspá stjórnenda fyrir rekstrarárið 2025/26 gerir ráð fyrir að rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA) verði á bilinu 16.000-16.500 m.kr. Fjárhagsleg staða samstæðunnar er sterk og er fjármögnun tryggð. Aðgangur að skammtíma fjármögnun í formi lána lína að fjárhæð 3,0 ma. kr. er tryggður en einnig hefur félagið nýtt sér skammtíma fjármögnun í formi víxlaútgáfu. Útgáfa víxlanna er í samræmi við grunnlýsingu 10 ma. kr. útgáfuramma sem stjórn félagsins hefur samþykkt. Gera má ráð fyrir að félagið nýti sér áfram markaðsfjármögnun á næstu misserum.

Um Haga

Hagar er leiðandi verslunarfyrirtæki með fjölbreytta starfsemi á Íslandi, í Færeyjum og í Hollandi, einkum á dagvöru- og eldsneytismarkaði. Á Íslandi starfrækja Haga 40 dagvöruverslanir, 22 Olís þjónustustöðvar, 43 ÓB-stöðvar, tvö vöruhús, eina framleiðslustöð, eina netverslun með matarpakka, eina birgðaverslun og eina sérvöruverslun. Kjarnastarfsemi Haga á Íslandi er á sviði dagvöru og tengdra vöruhúsa, auk eldsneytissölu. Í Færeyjum starfrækja Haga verslunarfélagið SMS sem er leiðandi á færeyska markaðinum

en SMS rekur m.a. 13 dagvöruverslanir, sex veitingastaði og þrjár sérvöruverslanir. Í Hollandi starfrækja Hagar eina netverslun með áfengi.

Hlutfé og hluthafar

- Markaðsvirði Haga í lok tímabilsins nam 112,9 ma. kr. og lokaverð þann 31. maí 2025 var 102,0 kr./hlut.
- Skráð hlutfé Haga í lok tímabilsins nam 1.106 m.kr. Félagið átti 8,1 milljón eigin hluti í lok tímabils og er útistandandi hlutfé því 1.098 m.kr.
- Þann 27. maí 2025 samþykkti aðalfundur félagsins að greiddur yrði arður til hluthafa sem nemur 50,0% af hagnaði síðasta reikningsárs, án áhrifa matsbreytinga og hlutdeildarféлага, eða samtals 2.504 m.kr. Arðgreiðslan nam því 2,28 kr. á hlut útistandandi hlutafjár. Arðurinn var greiddur þann 5. júní 2025.
- Hluthafar voru 923 í byrjun tímabils og 910 í lok þess. 10 stærstu hluthafar félagsins áttu 76,2% eignarhlut í félaginu í lok fyrsta ársfjórðungs.

Rafrænn kynningarfundur fimmtudaginn 26. júní 2025

Rafrænn kynningarfundur fyrir markaðsaðila og hluthafa verður haldinn í dag, fimmtudaginn 26. júní kl. 16:00, þar sem Finnur Oddsson, forstjóri, og Guðrún Eva Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri fjármálasviðs, munu kynna rekstur og afkomu félagsins ásamt því að svara fyrirspurnum.

Tekið verður við spurningum sem tengjast uppgjörinu á meðan útsendingu stendur á netfangið fjarfestakynning@hagar.is og verður þeim svarað eins og kostur er í lok fundar.

Fundinum verður streymt og er skráning á fundinn hér: <https://www.hagar.is/skraning>.

Kynningargögn eru hér meðfylgjandi og eru auk þess aðgengileg á heimasíðu Haga, www.hagar.is, við upphaf fundar.

Fjárhagsdagatal 2025/26

Fjárhagsupplýsingar eru birtar eftir lokun markaða.

Uppgjörstímabil	Vikudagur	Birtingardagur
2F – 1. mars – 31. ágúst	Fimmtudagur	16. október 2025
3F – 1. mars – 30. nóvember	Miðvikudagur	14. janúar 2026
4F – 1. mars til 28. febrúar	Þriðjudagur	21. apríl 2026
Aðalfundur 2026	Fimmtudagur	21. maí 2026

Fréttatilkynning þessi og uppgjörsgögn verða aðgengileg á ensku þann 30. júní á <https://www.hagar.is/en/>

Press release and financial statements will be available in English on June 30th at <https://www.hagar.is/en/>

Nánari upplýsingar veita Finnur Oddsson, forstjóri félagsins (fo@hagar.is), og Guðrún Eva Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri fjármálasviðs (geg@hagar.is), í síma 530-5500 eða tölvupósti.
